Sþ. **200. Fyrirspurn** [114. mál]

til ríkisstjórnarinnar varðandi alúminíumbræðslu og olíuhreinsunarstöð.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Hvaða samningaumleitanir hafa farið fram við Alþjóðabankann og við erlend alúminíumfélög á vegum ríkisstjórnarinnar, um hvað hefur verið rætt viðvíkjandi raforkuveri og alúminíumbræðslu og lánum í því sambandi, og á hvaða stigi eru þessir samningar nú?
2. Hafa farið fram athuganir eða jafnvel samningaumleitanir um byggingu olíuhreinsunarstöðvar hér, hvaða kosti er slík stöð talin hafa, hvaða kostnaður er talinn við hana og hvernig standa þær athuganir eða samningaumleitanir nú?